

**Nd.**

**173. Lög**

um að leggja jarðirnar Kjarna og Hamra í Hrafnagilshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag Akureyrar.

(Afgreidd frá Nd. 27. febrúar).

1. gr.

Jarðirnar Kjarni og Hamrar í Hrafnagilshreppi skulu, að áskildu samþykki sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu, lagðar un lír lögsagnarumdæmi og bæjarfjélag Akureyrar frá 6. júní 1920.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer framfærslu allra þeirra þurfa-linga, er hjálparþurfa kunna að verða og eru nú sveitlægir í Hrafnagilshreppi, vegna fæðingar á Kjarna eða Hömrum.

3. gr.

Að öðru leyti er Akureyrarbær laus við framfærslu þeirra, er hingað til kunna að hafa unnið sjer sveit í Hrafnagilshreppi, þótt sveitfesti hafi unnist vegna dvalar á Kjarna eða Hömrum.